

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

12. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 11. febrúar árið 2008. Fundurinn var haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Jóhannes Steingrímsson, Eiður Árnason, Kristján Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200801066 – Sveitarsetrið Draflastöðum ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við gistiheimilið að Draflastöðum**
Byggingin er á tveimur hæðum samtals 246 m². Neðri hæð er steinsteypt en efri hæð úr timbri.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eldvarnareftirlits, heilbrigðiseftirlits, vinnueftirlits og fornleifaverndar.
2. **200802016 – Baðfélag Mývatnssveitar sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingum eftir breyttum teikningum**
Byggingarleyfi var áður samþykkt á 10. fundi nefndarinnar 26. október 2007. Breytingin felst í því að byggður er 107 m² kjallari undir móttökuhús.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
3. **200802034 – Skútustaðahreppur sækir um leyfi til að breyta útliti verkstæðis að Múlavegi 1**
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
4. **200802026 – Neyðarlínan sækir um byggingarleyfi fyrir tækjahús fyrir fjarskiptabúnað og loftnet á Rauðafelli í Bárðardal**
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að skilað verði inn fullnægjandi lóðarsamningi milli landeigenda og húseigenda.

Fleira ekki bókað fundi slitið kl. 14⁵⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kristján Snæbjörnsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi